

9. gr.

Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem að öllu er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnæði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn. Ákvarðanir leigutaka um viðhald íbúðarhúsnæðis skuldbinda eigi ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 27 frá 25. apríl 1968 og öðlast gildi 1. nóvember 1970.

Reglugerð þessi tekur til þeirra starfsmanna ríkisins, er afnot fá af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins eða skipta um slíkt húsnæði eftir lok október 1970.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins nr. 289 frá 18. desember 1969.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ**um vernd barna og ungmenna.****I. KAFLI****Inngangur.****1. gr.**

Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almenn eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili, þ. e. möguleikum barna og ungmenna til andlegs og líkamlegs þroska.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluleikvöllum, daggæzlu á einkaheimilum gegn greiðslu, sumardvalarheimilum, fávítahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið eigi falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum og sé það eftirlit þá tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávítar.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstígum.
7. Vinnuvernd.
8. Eftirlit með skemmtunum.

Með börnum er samkvæmt reglugerð þessari átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldurskeiði 16—18 ára.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum:

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldis-skilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði sem eru andstæð því takmarki. Enn fremur skulu téðir aðilar stuðla að því svo sem við verður komið með viðeigandi aðgerðum, að tillögur þeirra og ábendingar komist í framkvæmd. Skal þess jafnan gætt við vernd barna og ungmenna, samkvæmt liðum 1—8, í 1. gr., að haga aðgerðum þann veg gagnvart þeim, er verndarinnar eiga að njóta, og aðstandendum þeirra, að stuðlað sé að því, svo sem við verður komið, að gera viðkomendur sjálfum sér nóga og að nýtum þjóðfélagsborgurum. Í öllum viðskiptum við börn og ungmenni, skulu þeir, er slíkt starf hafa á hendi, kosta kapps um að koma á sem nánustum tilfinningatengslum við hvern einstakan skjólstæðing sinna.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu, ef þörf þykir, leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og félagsmála, sálfræðideild skóla í Reykjavík, prófessora í uppeldisfræðum og sálarfræði við Háskóla Íslands, lögreglu og aðra þá er fjalla um málefni barna og ungmenna.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslíð á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkom mönnum er tryggð, og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfi sínu um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir, störf þeirra og starfsháttu.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og hverjum hreppi í landinu. Heimilt er þó að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, ef þeir eru fámennir.

5. gr.

Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna til 16 ára aldurs, svo og ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Þar til öðruvísi kann að verða ákveðið með lögum, kýs bæjarstjórn (borgarstjórn) í kaupstöðum en hreppsnefnd eða hreppsnefndir utan kaupstaða sbr. 4. gr., barnaverndarnefnd. Í Reykjavík skal kosin 7 manna barnaverndarnefnd, en í öðrum kaupstöðum 5 manna, en utan kaupstaða 3ja manna. Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera skyn á mál þau, er barnaverndarnefnd fjallar um.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. lög nr. 58 29. marz 1961, 19. gr., sbr. 18. gr., og um þá kosningu fer eftir 37. gr. sömu laga, eftir því sem við á, sbr. þó 8. gr. 1. mgr. hér á eftir.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Kjósa skal með sama hætti jafnmarga varamenn í barnaverndarnefnd.

Í kaupstöðum skal leitast við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar (borgarstjórnar) eða sveitarstjórnar þeirrar, er kýs þær, þó svo að barnaverndarnefnd gegni störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin.

Oddvitar (sveitarstjórar) og bæjarstjórar (borgarstjóri) skulu, þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram, skýra menntamálaráðuneytinu frá skipun nefndar.

8. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórnir (borgarráð) og hreppsnefndir ákveða þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr sveitarsjóði, þar með talin laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

Við ákvörðun þóknana og launa til starfsmanna, skulu bæjar- (borgar) stjórnir og hreppsnefndir taka sérstakt tillit til tillagna barnaverndarnefnda og þess starfsfólks annars, sem gleggst þekkir starfsemi og starfsaðstöðu viðkomenda. Sama máli gegnir um aðra einstaka gjaldaliði í sambandi við starfið.

Tryggja skal, svo sem við verður komið, nægilegt hæft starfslið.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir apríllok ár hvert.

Barnaverndarnefnd í kaupstað skal að jafnaði koma saman til fundar einu sinni til tvisvar í mánuði, og oftár, þegar einstök mál kunna að gefa efni til tíðari funda. Í hreppum skal halda fundi að jafnaði ekki sjaldnar en þrisvar á ári. Krefjist einstök mál tíðari fundahalda, skulu þeir haldnir svo oft, sem þörf krefur. Formaður boðar til funda og ákveður fundarstað.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi.

Nú á lögfræðingur ekki sæti í nefndinni og skal héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þá taka sæti í nefndinni, sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili, eða sviptingu foreldravalds. Ályktanir um þessi málefni ná ekki gildi, nema 2 nefndarmenn hið fæsta af þrem, 3 af 4, 4 af 5, eða 6, 5 af 7 og 6 af 8 gjaldi því jákvæði. Að öðru leyti ræður afl atkvæða á fundum

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

10. gr.

Um vanhæfi nefndarmanns til meðferðar einstakra mála, gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Öllum meiri háttar málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt, og skal vekja athygli á að heimild sé til málskots, sbr. 56. gr., er því er að skipta.

11. gr.

Barnaverndarnefnd skal, að fenginni heimild borgar-, bæjar- eða sveitarstjórnar, ráða eftir þörfum sérhæft starfsfólk. Skal sérstök áherzla á það lögð, að slíkt starfsfólk hafi kynnt sér barnaverndarmál og/eða starfað að þeim og aflað sér þekkingar og reynslu á þann hátt.

Barnaverndarráð skal beita sér fyrir því að ráðnir séu sérhæfðir starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna svæða landsins.

12. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd eins fljótt og kostur er.

13. gr.

Við úrlausn barnaverndarmáls, skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna og ungmenna, sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða forráðamenn og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan heimilis, svo og andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Um öflun upplýsinga utan umdæmis nefndar, gilda ákvæði 14. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á einkaheimili og barnaheimili til rannsókna á högum barns eða ungmennis, taka skýrslu af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi sínu, er um kann að bera, svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringa máli.

Þegar barnaverndarnefnd leysir úr máli, skal jafnan það ráð upp taka, sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Nefndinni ber jöfnum höndum að hafa hliðsjón af því, hvort dvöl barna á heimili kynni að hafa skaðleg áhrif á önnur börn, sem þar vistast. Enn fremur ber að forðast að sundra systkinahópi.

14. gr.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess sbr. 37. gr. 3. mgr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966. Nú flyzt barn úr umdæmi nefndar, eftir að nefnd hefur tekið mál til meðferðar, og skal barnaverndarnefnd í hinni nýju heimilissveit barnsins fjalla til fullnaðar um málið, en barnaverndarráð getur þó ákveðið, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um málið, ráði því til lykta.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri albeina til skýringa málum og framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

15. gr.

Áður en meiri háttar barnaverndarmáli er ráðið til lykta, ber að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega þ. á m. með liðsinni lögmanns, ef því er að skipta. Að jafnaði ber að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á.

16. gr.

Barnaverndarnefnd skal fylgjast með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

17. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna sé ábótavant, svo og aðbúnaði eða hegðun barns, og skal hún þá láta málið til sín taka, á þann hátt er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

18. gr.

Ef barn verður forsjarlaust eða forsjármenn veita því ekki fullnægjandi framfærslu, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, sem láta sig hag þess varða, við að koma því í fóstur á gott heimili eða sjá því farborða með öðrum hætti, sbr. 38. og 39. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, enda er óheimilt að vista börn á öðrum heimilum en þeim, er barnaverndarnefnd, sem í hlut á, samþykkir.

19. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns, eða forráðamanns er svo hágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta og greiðist kostnaður úr hájar- eða sveitarsjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingum ber ekki að greiða hann. Jafnan skal þess gætt að aðstoð við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta að því leyti, sem við verður komið.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanns.

20. gr.

Nú er barn sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp, eða barn er fáviti eða að öðru leyti andlega vanþroska, og fær ekki þá umönnun, sem því er þörf á, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni, heilbrigðisyfirvöld og aðra sérfræðinga, er því er að skipta, gera þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis, svo og ef heilsu barns eða ungmennis þykir stafa hætta af sjúkdómi, sem aðrir heimilismenn hafa tekið.

21. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti, er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanns, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðilegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar eða notkunar deyfilyfja, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv. og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum eða forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili og/eða ungmenni eftirlitsmann, eiga hlutdeild í því, að sjúklingi eða annmarkamanni verði komið brott af heimili eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum forræði barnsins. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 66/1963, eftir því sem við á.

Hlutverk eftirlitsmanna er að veita skjólstaðingum sínum þá leiðsögn og þann stuðning, er þeir mega. Ef einstök ungmenni eiga í hlut, skal eftirlitsmaður hafa samvinnu við skóla skjólstaðings, svo og vinnuveitanda, ef hann er fyrir hendi. Þá skal eftirlitsmaður hafa forgöngu um að tengja skjólstaðing sinn, er um ungmenni ræðir, heilbrigðri æskulýðsstarfsemi. Tilgangi eftirlits verður því aðeins náð, að milli eftirlitsmanns og skjólstaðings, heimilisföður eða ungmennis, myndist gagnkvæm vinátta og traust. Eftirlitsmaður skal hins vegar forðast að gera skjólstaðing háðan sér um of.

Þegar um erfið vandamál er að ræða, skal eftirlitsmaður gera viðkomandi barnaverndarnefnd aðvart.

Svo sem við verður komið, skal velja eftirlitsmenn úr hópi þeirra, sem nokkra þekkingu hafa á vandamálum ungmenna, svo sem kennara, félagsráðgjafa o. s. frv., en ekkert er því til fyrirstöðu, að þeir séu úr öðrum atvinnustéttum. Gæta skal þess svo sem við verður komið, að eftirlitsmenn hafi til að bera heilbrigða löngun til að

verða öðrum að liði, og aðra þá eiginleika, sem starfið krefst, þolinmæði, umburðar-lyndi og víðsýni í lífsskoðunum.

Eftirlitsmenn eru trúnaðarmenn barnaverndarnefnda og starfi í tengslum við þær.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkv. ákvæð-um þessarar greinar, en eldri maður en 60 ára getur þó skorast undan kvaðningu.

22. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimilismanna, svo sem vegna deyfilyfjanautnar, ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef um- vandanir eða aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggir hag barnsins, eða ungmennisins að þessu leyti og í því skyni, jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 49. gr. laga nr. 53/1966.

23. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku, óknytta, útivistar á óleyfilegum tíma, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrots, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir, þar á meðal krefja til sérfræðinga, ef þess er talin þörf. Skal hún þá ráðgjast um við foreldri eða for- ráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barnið er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgjast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn virðist bera til, skal barnaverndarnefnd láta taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða vistheimili, eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hlið- sjón af annmörkum þess og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni sbr. 21. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Nú verður barn 16 ára á heimili eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndar- nefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða forráða- manni hans, að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

Um skilorðsbundna niðurfellingu saksóknar fer eftir 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, 3. gr., og um niðurfellingu saksóknar sbr. 24. gr. laga nr. 82, 21. ágúst 1961, sbr. 30. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. lög nr. 17 31. marz 1962, 1. gr.

24. gr.

Ef barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barna- verndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað, nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað. Barnaverndar- nefnd í dvalarumdæmi barns skal skylt að láta barnaverndarnefnd í heimilisum- dæmi þess fylgjast með högum þess, með skýrslugjöf eða á annn hátt.

25. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 21. og 23. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega úr rikissjóði og sveitarsjóðum, samkvæmt fræðslulögum.

26. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim er í 23. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum og viðuræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt þessu koma m. a. til greina ákvæði 56. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1925, 3. gr.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin, samkv. ákvæðum þessarar reglugerðar, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi og hafa yfirleitt nákvæmt eftirlit með því þar til séð er fyrir, svo sem unnt er, að ungmennið sé komið á eðlilega braut, sem verðandi nýtur þjóðfélagsþegn.

27. gr.

Nú telur barnaverndarnefnd, að ekki verði hjá því komið að taka barn af heimili og skal þá leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál samkvæmt því, er 9. gr. mælir fyrir um. Ef barn er forsjárlaust, tekur nefndin þegar við forsjá þess og hlutast eftir atvikum til um, að því sé skipaður lögráðamaður.

Þegar barn er tekið af heimili samkv. ákvæðum barnaverndarnefndar, hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu, en nefndin getur falið forsjá þess einstökum mönnum þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðila, er tekur barn til framfærslu eða fósturs. Heimilt er að svipta foreldra, annað eða bæði foreldra-valdi, sbr. þó 13. gr. laga nr. 53/1966, ef ákvæði 26. og 28. gr. sbr. 31. gr. laganna eiga eigi við og nauðsyn krefur og hlutast nefndin þá til um, að barninu verði skipaður lögráðamaður hið fyrsta.

28. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal dómsmálaráðuneytið leita umsagnar barnaverndarnefndar sbr. 8. gr. laga nr. 19/1953. Skal hún kynna sér gaumgæfilega hagi væntanlegra kjörforeldra og kjörbarna, áður en umsögn er lätin uppi.

29. gr.

Skylt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með, vegna umkomuleysis eða annmarka, sömuleiðis yfir þau börn, sem njóta ekki umsjónar forsjármanna.

30. gr.

Enginn má taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skal sú barnaverndarnefnd kynna sér gaumgæfilega hag og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra svo og hagi barnsins, þar á meðal skal nefndin kynna sér heilsufar væntanlegra fósturforeldra og annars heimilislífslífs. Nefndin veiti ekki samþykki sitt til þess, að barn verði tekið í fóstur,

nema tryggilegt þyki, að barn hljóti góða aðhlyningu, og uppeldi á fósturheimili og ekkert sérstakt geri athugasemjaverð að fallast á umsóknina.

Enginn má ráðstafa barni til fósturs, nema til aðilja, sem fengið hafa samþykki barnaverndarnefndar til þess samkv. 1. mgr.

31. gr.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um, að þeir, sem hafa barn í fósturheimili, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað og skal hún þá gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar barni eða ungmenni, og koma þá m. a. þau úrræði til greina, er getur í 21. gr. Auk þess getur barnaverndarnefnd lagt bann við því að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur, skal hún gera sér allt far um að velja heimili við hæfi þess. Þá skal eftirlitsmaður barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt, að úrskurða að barn, sem er í fósturheimili, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, ef vel fer um það og traust ástúðarsamband hefur myndast milli þeirra og barns, þótt þeir, er foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því.

III. KAFLI

Um vistheimili fyrir börn og ungmenni, fóstur á einkaheimili til skamms tíma og dagvistun.

32. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo sem við verður komið, setja á stofn eða hlutast til um að sett verði á stofn hvers konar vistheimili fyrir börn og ungmenni, sem hún, að tillögum barnaverndarnefnda, barnaverndarráðs eða annarra þar til bærra aðila, telur nauðsynlegt til að fullnægja ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, þar sem eigi verður komið við leiðbeiningum við foreldra eða útvegum fósturheimilis. Skal menntamálaráðuneytið láta semja og gefa út sérstakar nánari reglur og leiðbeiningar fyrir innri stjórn, starfsfólk og alla aðbúð slíkra heimila og sjá um birtingu þeirra.

Til slíkra uppeldisheimila skulu teljast:

1. Venjuleg dvalarheimili fyrir börn frá 1—16 ára, sem eigi geta alizt upp hjá foreldrum.
2. Upptökuheimili, þar á meðal rannsóknar- og gæzluheimili, sem veita börnum og ungmennum viðtöku um stundarsakir, eða þangað til þeim hefur verið fenginn varanlegur uppeldisstaður.
3. Ungbarnaheimili.
4. Fæðingarheimili og vistheimili fyrir mæður, sem þarfnast hjúkrunar í sambandi við barnsburð, þar sem þær geta haft börnin hjá sér allt að einu ári.
5. Heimili, er taki börn og ungmenni í fæði og til aðhlyningar um langan eða skamman tíma í veikinda- eða öðrum forföllum foreldra, eða vegna þess, að barnið þarfnast aðhlyningar af öðrum ástæðum.
6. Heimili er taki á móti börnum til hressingar eða heilsuþótar í skamman tíma.
7. Æskulýðs- og námsheimili fyrir ungmenni yfir 15 ára, er þau geti dvalið á sem heimili á námsárum og meðan þau eru að koma fyrir sig fótum.
8. Sumardvalarheimili.

Við stofnun og rekstur framangreindra heimila skal sérstaklega huga að neðangreindum atriðum, eftir því sem við á um hvern flokk.

A. Skipulag og stjórn.

Ákveða skal markmið og stjórn heimilisins, þar á meðal við hvaða börnum eða ungmennum það taki, hver beri ábyrgð á rekstrinum, hvert sé starfsfólk og stjórn.

B. Aðbúð og gæzla barna og ungmenna á heimilinu.

Barnaheimili sem taka börn um lengri eða skemmri tíma, eiga að koma í stað foreldraheimila og öll aðbúð miðast við það, að því takmarki verði náð á sem fullkonnastan hátt, líkamlega og andlega.

Gæta skal þess að hvert barn verði aðnjótandi slíkrar aðbúðar og umönnunar, þar á meðal áhrifa í umgengni, lífsviðhorfum og tilfinningatengslum við þá, er það umgengst, að til andlegs og líkamlegs þroska horfi. Enn fremur skal vakað yfir andlegri og líkamlegri heilsu barna, læknis vitjað þegar er tilefni gefst, kostað kapps um að þau öðlist öryggiskennd og andlega staðfestu, svo sem við verður komið. Hvers konar refsingar eru bannaðar, — nema að því er varðar heilbriggt agavald —, líkamlegar sem aðrar, svo sem einangrun í refsiskyni o. s. frv. Jafnan skal kappkosta að viðhafa frekar leiðbeiningar en ásakanir, þar sem því verður við komið, ef um ávirðingar barna er að ræða.

C. Híbýli, umhverfi og önnur slík aðstaða.

Keppa skal að því að hafa barnaheimili eigi fjölmennari en svo, að einstaklingsþroskinn njóti sín. Hámarksfjöldi barna á einu heimili sé 15. Hámarksfjöldi má þó vera meiri, ef sérstaklega stendur á, svo sem aðstæður til greiningar í smærri hópa innan heimilisins eða hver hópur búi í sérstöku húsi, þó getur menntamálaráðuneytið veitt undanþágu frá hámarksfjölda barna á heimilum, sem starfað hafa fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, svo og öðrum atriðum, sem telja verður eftir atvikum erfitt að uppfylla, enda sé séð fyrir nægu hæfu starfsliði, að mati ráðuneytisins. Heimilin skulu svo sem við verður komið vera í sérhýsi, eða í afskekktum íbúðum, ef þau eru inni í bæjum eða þorpum, íbúðarherbergi séu sólrík og rými nóg í þeim og aðstaða til innileikja sé góð. Húsin skulu vera byggð í samræmi við reglur byggingasamþykkt. Ráðuneytið getur þó gefið undanþágu fyrir hús, sem þegar hafa verið tekin í notkun. Gæta skal þess að loftrými og loftræsting sé fullkomin. Í hverju húsi skal vera dagstofa og auk þess leikherbergi fyrir yngri börn, ef heimilið er fyrir börn á öllum aldri. Í leikherbergjum skal gólftrými fyrir hvert barn vera 3—5 fermetrar. Þá er æskilegt að til sé handíðaherbergi. Þá skal vera rúmgott herbergi til að matast í og einangrunarherbergi fyrir sjúk börn. Á ungbarnaheimilum skulu auk svefnherbergis vera skrið-herbergi, geymsluherbergi og svalir eða pallur.

Í svefnherbergjum sé minnst 4—5 ferm. gólfrúm fyrir hvert barn. Eigi skulu vera fleiri en 4 börn í hverju svefnherbergi. Eldri börn skulu að jafnaði höfð í eins eða tveggja manna herbergi. Svefnherbergjum skal þannig komið fyrir að börnin truflist ekki af hávaða í húsinu. Auk barna-herbergja skulu vera fullnægjandi íbúðarherbergi fyrir þjónustufólk, skrifstofa, eldhús, forðabúr, búningsherbergi, snyrtiherbergi og þvottaherbergi.

D. Fyrirkomulag herbergja og húsgögn.

Fyrirkomulag herbergja í barnaheimili sé þannig að þau notist vel, einfalt og auðvelt að snyrta þau og með notalegum og heimilislegum blæ. Húsgögn og önnur tæki til afnota fyrir börnin séu sniðin fyrir stærð barnanna og hæfi. Hústækin séu einföld, vönduð og auðvelt að ræsta þau, en jafnframt notaleg og heimilisleg.

Hvert barn skal hafa legurúm út af fyrir sig, svo og fataskáp og skúffur fyrir einkamuni sína í leikstofu og svefnherbergi. Standi legurúm hlið við hlið, skulu þau vera með a. m. k. 0.90 m millibili.

Á barnaheimili séu næg leikföng og starfstæki fyrir þau börn, er þar dvelja, miðað við aldur barnanna.

Bannað sé að hafa blýblandaða málningu á herbergjum, húsgögnum, leikföngum og öðrum tækjum, er börn geta komizt í snertingu við.

Kappkostað sé að öll starfstæki og aðstaða þjónustuliðs séu miðuð við að létta og einfalda starf þess.

E. Brunavarnir.

Gæta skal þess, að hvers konar ráðstafanir og eftirlit í sambandi við brunahættu séu jafnan í fullkomnu lagi, svo sem brunavarzla, björgunartæki, slökkvi-tæki. Slökkviefingar séu um hönd hafðar, þar sem börn séu höfð í verki með og í sambandi við þær uppfræðsla barna um hættu af eldi og vörn gegn henni. Gæta skal þess svo sem við verður komið að hafa eigi um hönd eldfim efni við framkvæmdir í sambandi við barnaheimili.

F. Starfslið.

Starfslið barnaheimila skal vera það fjölmennt, að séð sé fyrir líkamlegri og andlegri þroskaþörf barnanna. Starfslið skal hafa skilning á þörfum barna, andlegum og líkamlegum, vera menntað og þjálfað í slíku starfi. Stjórnandi barnaheimilis skal svo sem við verður komið, hafa aflað sér uppeldisfræðilegrar þekkingar. Stjórnandi ungbarnaheimilis eða ungbarnadeilda skal vera lærð fóstra og mæðraheimila lærð hjúkrunarkona. Skulu allir forstöðumenn og forstöðukonur slíkra heimila hafa starfað áður á sams konar heimilum með góðum árangri.

Starfslið skal bundið þagnarskyldu um allt, er það kann að verða vísara í sambandi við starf sitt og um hagi barna og aðstandenda þeirra.

G. Heilbrigðiseftirlit.

Hvert barnaheimili skal hafa samband við starfandi lækni í sinni þjónustu, er fylgist nákvæmlega með heilsu barna og mæðra og annarra, er heilbrigðisvelferð barna kann að velta á. Ekkert barn má taka til dvalar á barnaheimili, nema að undangenginni rannsókn á heilsu þess og þeirra, er að því standa í þeim skilningi. Skal skoðun læknis og lýsing á heilsufarsástandi viðkomenda í nútíð og að undanfögnu vera sem nákvæmast og greint í sérstöku vottorði læknis. Verði skoðun af einhverjum ástæðum eigi komið við, fyrir töku barns á heimili, skal þannig frá gengið, með einangrun eða á annan hátt, að eigi hljótist af tjón á heilbrigði viðkomenda.

Á sama hátt skal gætt þess, að börn, er vistuð eru á barnaheimilum, geti eigi beðið heilsutjón vegna smitunar frá þeim, er á heimilinu eru fyrir.

Á sama hátt og fer um eftirlit með heilsufari barna, skal farið um starfsfólk heimilis fyrir komu þess á heimilið og meðan á dvöl þess þar stendur. Skal læknir heimilisins auk frumrannsóknar hafa eftirlit með heilsufari starfsfólks og gera viðeigandi ráðstafanir, þegar þörf krefur.

Rekstur barnaheimilis skal eigi hefjast, fyrr en að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins, og skal leyfið eigi veitt, nema fyrir liggi ákveðnar upplýsingar um öll atriði, þar á meðal upplýsingar um stjórnendur heimilisins og annað starfsfólk. Skal jafnan leitað álits barnaverndarnefndar á staðnum og barnaverndarráðs, áður en leyfi til rekstrar er veitt. Ávallt skal leyfisbréf og læknisvottorð vera til staðar svo eftirlitsmenn geti séð þau án tafar.

Innri stjórn, bókhald og reikningsfærsla opinberra heimila, sé undir eftirliti menntamálaráðuneytisins.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu hafa eftirlit með slíkum heimilum og ber stjórn heimilisins jafnan að láta viðkomandi barnaverndarnefnd fylgjast með rekstri þess.

33. gr.

Við rekstur sumardvalarheimila og svonefndra sumarbúða, skal sérstaklega gætt neðangreindra reglna, auk reglna 32. gr., og jafnframt þeim:

1. Sumardvalarheimili telst hvert það heimili, sem tekur 5 börn eða fleiri til sumardvalar. Menntamálaráðuneytið veitir heimild til stofnunar og rekstrar sumardvalarheimila, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi barnaverndarnefndar og héraðslæknis og með samþykki Barnaverndarráðs Íslands.

Sama gildir um stofnun og rekstur svonefndra sumarbúða, að því leyti, sem við á, en aðalmunur á þeim og sumardvalarheimilum er sá, að þar eru venjulega reknar fyrir fleiri börn, sem skipt er í flokka og um skemmri tíma, t. d. 2—3 vikur fyrir hvern flokk.

2. Eigi er heimilt að taka börn yngri en 6 ára til dvalar á sumardvalarheimili eða sumarbúðir. Þó skal heimilt að taka yngri börn að fengnu sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins, enda séu þá gerðar auknar kröfur með tilliti til fjölda starfsfólks og sérþekkingar þess í meðferð ungra barna. Séu mörg börn á sumardvalarheimili eða í sumarbúðum, 25 eða fleiri, skal lærð fóstra eða fóstrur, eftir ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni, starfa á heimilinu, eða annað starfsfólk með hliðstæða menntun og/eða reynslu.

3. Umsóknum á þar til gerðu eyðublaði, um heimild til þess að reka sumardvalarheimili eða sumarbúðir, skulu fylgja:

- a. Greinargóð umsögn barnaverndarnefnda um heimilið, þar sem komi skýrt fram álit hennar á hæfni og aðstæðum heimilisins, til þess að taka börn til sumardvalar.

- b. Heilbrigðisvottorð heimilisfólks, svo og umsögn héraðslæknis um öll atriði, er snerta heilbrigðisaðstæður barna og starfsfólks, sbr. g lið 32. gr. hér að framan, allt eftir því sem við á hverju sinni, brunahættu og aðra slyshættu svo og hæfilegan fjölda barna.

- c. Sakavottorð umsækjanda.

Leyfi til rekstrar heimila gildir til eins árs í senn.

4. Húsakynni skulu fullnægja eftirtöldum lágmarksskilyrðum:

- a. Drengir og stúlkur skulu vera sér um svefnherbergi.

- b. Hvert barn skal sofa sér í rúmi.

- c. Börn mega ekki sofa í svefnherbergjum heimilisfólks.

- d. Í svefnherbergjum mega ekki vera háarúm, nema hæð herbergisins sé 2.50 m eða meira, og þó því aðeins að minnst 1.80 m fjarlægð (gólfflötur) sé á milli rúmstokka. Aldrei má vera nema eitt háarúm yfir hverju rúmi, þar sem ekki eru háarúm, skulu vera minnst 0.90 m á milli rúmstokka.

- e. Ekki má sofa í borðstofu eða öðrum herbergjum, sem börn eða starfsfólk (heimilisfólk) nota sameiginlega.

- f. Börn skulu hafa aðgang að baði og vatnssalerni.

- g. Skyllt er að hafa einangrunarherbergi.

5. Þegar starfsemi sumardvalarheimilis eða sumarbúða er ráðin og tilskilið leyfi fengið, skal fara fram lækni skoðun á heimilis- og starfsfólki, áður en starfræksla þess hefst. Forstöðumaður eða kona skal og krefjast heilbrigðisvottorðs með hverju barni, sem tekið er til sumardvalar. Ef heilbrigðisvottorð fylgir ekki barni, skal umsvifalaust fá héraðslækni til að athuga heilbrigði þess.

6. Barnaverndarnefndum ber að veita forstöðufólki sumardvalarheimila og sumar-
búða upplýsingar og leiðbeiningar eins og við verður komið. Þær skulu fylgjast
rækilega með rekstri slíkra heimila í umdæmi þeirra og koma á þau minnst
tvisvar á sumri og oftár, ef þörf gerist, til þess að kynna sér sem best aðbúð
og líðan barnanna og heita sér fyrir því, að hætt sé úr ágöllum, ef í ljós kunna
að koma.

Ef svo alvarlegar misfellur koma fram í rekstri barnaheimilis, að nefnd-
inni þyki orka tvímælis, hvort rétt sé að það starfi áfram, skal hún tafarlaust
gera Barnaverndarráði Íslands viðvart. Kostnaður vegna eftirlits barnavernd-
arnefnda greiðist af hlutaðeigandi dvalarheimili, nema eftirlitið sé falið öðrum.

Annist forstöðumaður slíkra heimila flutning barna að heimilinu eða frá,
skal hann sjá um að gætt sé fyllsta öryggis við flutninginn og aðbúð barnanna
við flutninginn sé sem best.

7. Í lok hvers rekstrartímabils slíkra heimila, skal forstöðumaður senda hlutaðeig-
andi barnaverndarnefnd og Barnaverndarráði Íslands skýrslu um reksturinn.
Skulu þar m. a. tekin fram nöfn og heimili forstöðufólks og starfsfólks, tala
barna, aldur þeirra og kyn, heimilisfólk og dvalartími. Þá skulu tilgreind
dvalargjöld.

34. gr.

Við val á einkaheimilum um skamman tíma, skal tekið fyllsta tillit til þeirra
atriða, sem gilda um fóstur barna almennt. Ætíð ber að fá heimild hjá barna-
verndarnefnd til þess að taka barn/börn í fóstur. Lagt sé fram heilbrigðisvottorð,
sem kveði á um líkamlega sem andlega heilbrigði fósturforeldra, sem og annars
heimilisfólks. Sakavottorð sé lagt fram. Þá séu vandlega kannaðar aðstæður fóstur-
heimilis með tilliti til húsrýmis, brunahættu, aðstöðu til innileikja, sem og mögu-
leika til útiveru, þar sem aðgát sé höfð með slysaþættu vegna umferðar.

Áður en barn er vistað á fósturheimili, skal fara fram athugun á því, hvort
viðkomandi heimili mæti þörfum þessa sérstaka barns. Skal þá bæði taka tillit
til aldurs fósturforeldra og barna þeirra, ef þau eiga börn, sem og til staðsetningar
fósturheimilis. Að jafnaði skal leitast við að vista barn á heimili í sama hverfi og
foreldraheimili þess er og draga þannig úr þeim framandleika, sem vistun utan heim-
ilis hefur í för með sér, nema að líkur séu til að barninu væri annað hentara. Sé
barn á skólaaldri, skal þess sérstaklega gætt, að því sé fengin vist á fósturheimili
í sama skólahverfi sem foreldraheimilið tilheyrir.

Læknisskoðun fari fram á hverju barni, þegar er vistun hefur átt sér stað.

Gert sé ráð fyrir, að barnaverndarnefnd geri um það skriflegan samning við
forráðamann/menn fósturheimilis, hversu mörg börn séu í fóstri á viðkomandi
heimili og hversu starf fósturheimilis skuli launað.

Meðan samningur gildir, er fósturheimili háð sérstöku eftirliti barnaverndar-
nefndar. Komið sé að jafnaði einu sinni í mánuði á fósturheimilið. Barnaverndar-
nefnd skal rifta samningi fyrirvaralaust, ef í ljós kemur, að uppeldi eða aðbúð
barns er ábótavant.

Eftir hverja heimsókn starfsmanns barnaverndarnefndar á fósturheimili skal
hann færa á skýrslu hvers barns fyrir sig upplýsingar varðandi heilsufar, hegðun
og framfarir barnsins.

35. gr.

Þessar reglur skulu gilda um neðangreindar stofnanir og heimili, sem annast
dagvistun barna, auk reglna 32. gr. og jafnframt þeim, eftir því sem við á:

1. a. Dagheimili, sem taka við börnum 2—6 ára allan daginn.
- b. Dagvöggustofur og skriðdeildir, sem taka við börnum 3 mán. — 2 ára allan
daginn.

c. Leikskóla, sem taka við börnum 2—6 ára, 3—5 tíma á dag.

d. Einkaheimili, sem taka við börnum til 6 ára aldurs, allan daginn eða hluta úr degi.

2. Sérhverri dagvistarstofnun skal sett skipulagsskrá og skulu þar í vera ákvæði um markmið og stjórn heimilisins. Skipulagsskrá er háð samþykki viðkomandi ráðuneytis.
3. Dagvistarstofnun hefur umsjón með og annast börn þann tíma, sem þau eru á stofnuninni. Stefnt skal að því í samvinnu við foreldra, að skapa börnunum þroskavænleg viðfangsefni, bæði í andlegu og líkamlegu tilliti. Þess skal gætt, að börnin fái hæfilega útivist, næga hvíld og gott fæði miðað við aldur. Í hinu eðlilega hópstarfi á barnaheimilum skal ætíð taka tillit til hvers einstaklings. Líkamlegar refsingar og innilokanir eru bannaðar og aðrar refsingar ber að forðast frekar en varðar eðlilegt agavald.
4. Dagvistarstofnun má ekki vera of stór, þar sem auðveldara er að stofna til náins sambands starfsmanna við börnin á litlu heimili. Þegar um er að ræða stofnun með margar deildir, skal lögð áherzla á, að þær verði greindar sem mest í sundur, t. d. með séringangi.

Á dagheimilum og leikskólum skal barnafjöldi á hverri deild vera 14—22 eftir aldri.

2ja ára deild 14 börn.

3ja ára deild 18 börn.

4—6 ára deild 20—22 börn.

Vöggustofa og skriðdeildir 10 börn.

Miðað er við 2 starfsstúlkur á hverri deild.

5. Dagvistarstofnun skal helzt vera í sér húsi með skjólgóðum og sólríkum leikvangi. Húsin skulu byggð í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar og skal sérstök áherzla lögð á fullkomna loftræstingu. Við byggingu dagvistarstofnunar skal þess gætt að hafa samráð við aðila, sem hefur reynslu og þekkingu á barnaheimilarekstri.

Leikskóli. Á hverri deild í leikskóla skal vera leikherbergi og hverju barni reiknaðir 2—3 ferm. gólfplötur. Auk þess skal vera búningsherbergi (fataklefi) um 12—15 fermetrar eftir stærð hópsins, skrifstofa fyrir forstöðukonu um 8 fermetrar, sem sameinuð væri einangrunarherbergi, salerni með 2 klósettskálum og 2 handvöskum. Í hverjum leikskóla skal vera sérstaklega ætlað starfsfólki: sér fataskápur, salerni og kaffistofa með setustofukrök.

Dagheimili. Á hverri deild skal vera leikrými fyrir hvert barn um 2.5—3.5 fermetrar. Auk þess sem að framan greinir, skal vera á dagheimilum sérstakt einangrunarherbergi, matstofa fyrir starfsfólk með setustofukrök, eldhús með fullkominni aðstöðu til geymslu matvæla.

Dagvöggustofur. Á dagvöggustofum skal vera auk (framanritaðra aðalherbergja), mjólkureldhús, snyrtiherbergi, (fyrir bað, skol, handklæði og sloppa), upphituð barnavagnageymsla og skjólgóð afgirt útiaðstaða til svefns (sólbyrgi eða sólsvaíur).

Auk framanritaðra atriða skal á dagvistarstofnunum vera nægilegir skápar og geymslur fyrir úti og inni leiktæki, möguleikar til að þurrka blautan fatnað o. fl.

6. Fyrirkomulag herbergja á dagvistarstofnun skal vera hagkvæmt, einfalt og auðvelt að halda þeim hreinum. Húsgögn og tæki, sem börn nota, skulu vera sniðin við þeirra hæfi og skulu vera einföld og vönduð. Notaðir skulu stólar og borð, en ekki langborð og bekkir. Á dagheimili skulu vera möguleikar til hvíldar fyrir hvert barn fram að 3ja ára aldri a. m. k. Börn innan þess aldurs hafi hvert

um sig sérstakan bedda með teppi og koddá. Kostað skal kapps um, að ætíð séu fyrir hendi nægileg tæki til leikja bæði úti og inni. Áherzla skal lögð á, að leiktækin hæfi aldri barnanna og séu til þess fallin að efla hreyfingroska þeirra og jafnframt fullnægja þörf þeirra til sköpunar. Tækjum þessum skal ætlaður ákveðinn staður og þau þannig staðsett, að auðvelt sé að ná til þeirra. Skal leggja ríka áherzlu á reglusemi í meðferð tækja og börnin vanin við það, að hver hlutur á sinn ákveðna stað. Af sömu ástæðu skal lögð áherzla á, að hvert barn fái ákveðið merkt sæti í búningsherbergi og ákveðinn snaga.

7. Gæta skal þess, að hvers konar ráðstafanir í sambandi við brunahættu séu í fullkomnu lagi t. d. brunavarnir, björgunartæki og slökkvitæki. Ef um er að ræða húsnæði á 2. hæð eða hærra, skulu gerðar strangar kröfur til allra brunavarna.
8. Forstöðukona dagvistarstofnunar skal vera sérmenntuð fóstura og á hverri skal hafa sérmenntaða fósturu ásamt aðstoðarkonu.
9. Hver dagvistarstofnun skal hafa trúnaðarlækni. Ekkert barn má taka til dvalar á dagvistarstofnun, nema að undangenginni læknisrannsókn. Læknir heimilisins skal hafa eftirlit með heilsufari starfsfólks og gera viðeigandi ráðstafanir, ef þörf krefur.
10. Óheimilt er að koma á fót dagvistarstofnun nema leyfi menntamálaráðuneytis komi til.

Ekki má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd, er í hlut á, telur þar til hæfa. Umsóknir um leyfi til að reka dagvistarstofnun skulu vera skriflegar og þeim fylgja eftirtalin gögn:

- a. Skipulagsuppráttur.
- b. Teikningar af húsinu.
- c. Skipulagsskrá fyrir stofnunina.
- d. Útfyllt eyðublað, sem gefur ýmsar upplýsingar um stofnunina.
- e. Umsögn heilbrigðisnefndar.
- f. Rekstraráætlun.

Við mat á hæfni forstöðumanns dagvistarstofnunar skulu liggja fyrir upplýsingar um aldur, menntun og fyrri störf. Skulu því fylgja meðmæli og umsagnir fyrri vinnuveitanda.

11. Á dagvistarstofnun skal haldin spjaldskrá ásamt fjarvistarskrá, sem gefur upplýsingar um hvert einstakt barn, svo unnt sé að fylgjast með líkamlegri og andlegri meðferð barnsins. Skal unnið að eflingu samstarfs milli starfsfólks dagvistarstofnunar og foreldra.
12. Reikningsfærsla og bókhald viðkomandi stofnunar skal ætíð gefa glöggar upplýsingar um tekjur og gjöld. Stofnunin skal ætíð senda ársskýrslur ásamt reikningsyfirliti um rekstur til viðkomandi barnaverndarnefndar.
13. Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með dagvistarstofnunum í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna.
14. **Dagvistun barna á einkaheimilum.** Óheimilt er að taka barn/börn í dagvist á einkaheimili gegn gjaldi, nema viðkomandi heimili hafi verið veitt leyfi til slíkrar starfsemi frá viðkomandi barnaverndarnefnd. Áður en leyfi er veitt, skal barnaverndarnefnd ganga úr skugga um, að heimili uppfylli þau skilyrði, sem sett eru um fósturheimili almennt. Lagt sé fram heilbrigðisvottorð, sem kveði á um líkamlegt og andlegt heilbrigði heimilisfólks. Þá séu vandlega kannaðar aðstæður dagvistarheimilis með tilliti til húsrýmis, brunahættu, aðstöðu til innileikja, sem og möguleika til útveru, þar sem aðgát sé höfð með slysaþættu vegna umferðar. Tekið sé tillit til fjölda heimilisfólks og aldurs barna, sem fyrir eru á heimilinu, og æskilegur fjöldi dagvistarbarna ákvarðaður með hliðsjón

af því, sem og með tilliti til fyrrgreindra atriða. Dagvistarheimili eru háð eftirliti barnaverndarnefndar.

36. gr.

Óheimilt er að koma á fót eða reka barnaheimili þar með talin vistheimili, dagheimili, einkagæzluheimili og leikskólar, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra komi til.

Áður en leyfi er veitt, skal leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, er heimili er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu. Sérstök stjórnarnefnd 3ja manna er menntamálaráðherra tilnefnir, skal vera fyrir hverju heimili, sem um getur í síðustu málsgrein.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnaheimilum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu, þar með talin sumardvalarheimili, og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með því hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum barnaheimilum, nema sumardvalarheimilum, og samþykkja þá staði, sem þau fara í. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili en stofnanir þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Nú stendur sveitarfélag eða aðilar innan þess fyrir rekstri barnaheimilis í öðru umdæmi, og skal barnaverndarnefnd í sveitarfélagi, sem rekur heimilið, eða þaðan, sem heimilið er rekið, hafa eftirlit með því á þann hátt, sem segir í 2. mgr. Sömu leiðis ber barnaverndarnefnd að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að vera úr hennar umdæmi á barna- eða sumardvalarheimili í öðru umdæmi, þ. á m. með beinu eftirliti a. m. k. einu sinni á ári.

Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg, eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar er á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt heimilið rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þetta undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

37. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðilega miður sín, sbr. 5. tölulið 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til um, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðilegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa í stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra skal setja sérstaka reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar eða stöðva í samráði við barnaverndarráð, sbr. og 32. gr.

38. gr.

Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum og þörf krefur, að setja á stofn og reka heimili, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu heimili þessi vera

a. m. k. 2, annað fyrir stúlkur en hitt fyrir pílta. Forðast skal svo sem við verður komið að blanda saman börnum og ungmennum á ólíkum afbrotastigum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á heimilum þessum, fræðslu, uppeldi og aga, svo og um stjórnarnefndir, sbr. hér á eftir.

Heimili þau, sem að framan getur, skulu hvert um sig hafa stjórnarnefnd, 3–5 manna, sem skipaðir eru af ráðherra til 4ra ára í senn að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal nefnd þessi hafa stöðugt og nákvæmt eftirlit með rekstri, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumenn. Nánari ákvæði um stjórnarnefndir skal setja í sérstaka reglugerð, sbr. 1. mgr.

Þegar þörf krefur að álitni framkvæmdanefndar eða félagsmálaráðs í Reykjavík, skulu sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka eftirtalin heimili eða stofnanir:

- Til að annast uppeldi og ef þörf krefur fræðslu þeirra barna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börn að dveljast þar.
- Til að annast uppeldi, og ef þörf krefur fræðslu, gáfnasljórra, andlega vanþroska barna.
- Til að annast uppeldi og fræðslu barna, sem að dómi skólalæknis hafa ekki heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt skólanám.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofn- og rekstrarkostnaði þeirra heimila og stofnana, sem um getur í 3. málsgrein, í sömu hlutföllum og gilda um byggingu og rekstur skóla skyldunámsstigsins. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir samstarfi tveggja eða fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur slíkra heimila, þar sem aðstæður leyfa.

Sveitarfélög skulu eitt eða fleiri saman eftir þörfum stofna heimangöngu- eða heimavistarskóla fyrir börn, sem að dómi skólastjóra eru miður heppileg fordæmi öðrum skólabörnum. Kostnaður við slíka skóla greiðist í sömu hlutföllum og getur í næstu málsgrein hér á undan.

Um greiðslu fyrir börn og ungmenni á heimilum þessum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 33. gr. getur, fer samkvæmt lögum nr. 78/1936.

39. gr.

Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með þeim þrefaldan barnalífeyri, með börnum innan 7 ára aldurs og tvöfaldan með eldri börnum, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni.

Að öðru leyti greiðist kostnaður úr sveitar- eða bæjarsjóði, sbr. þó 24. og 39. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

IV. KAFLI

Um vinnu barna og ungmenna.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfinga-

skipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starf við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

Við framkvæmd ákvæða um vernd barna og ungmenna, skal jafnan kosta kapps um að ala þau upp í anda starfs og framkvæmda, og að öðru leyti á þann veg að andlegur og líkamlegur þroski þeirra glæðist og að þau fái sem bezl neytt hæfileika sinna.

Jafnframt skal þess gætt í starfsvali að starfið sé í samræmi við afkastagetu og starfshöfnun viðkomanda. Sérstaklega skal þess gætt að starfið reyni ekki um of á líkamsþrek viðkomanda, hvorki að því er varðar eðli starfsins eða lengd starfstíma. Þannig ber að gæta þess að tímallengd starfsins fari eigi í bág við andlega uppfræðslu barnsins eða ungmennisins, svo sem skólavist þess. Enn fremur skal þess gætt að viðkomandi njóti nægrar hvíldar, svefnis og fæðis.

Þá skal þess gætt, að starfsaðstaða á vinnustað sé góð, andrúmsloft gott, frekar lögð áherzla á úti- en innivinnu, þar sem því verður komið við.

Enn ber að gæta þess sérstaklega, að barni eða ungmenni sé eigi falið starf, sem í eðli sínu eða vegna starfsliðs geti haft siðspillandi áhrif á viðkomanda.

Hafa ber um hönd nákvæmt eftirlit með líkamlegri og andlegri heilsu barna og ungmenna í sambandi við starf, bæði að því er varðar val starfs og í sambandi við starfið að öðru leyti. Þannig ber að sjá fyrir nægu eftirliti læknis, bæði að því er varðar viðkomanda sjálfan og samstarfslið.

Forðast skal að fela börnum meðferð fjár eða önnur verzlunarviðskipti í starfi.

Þá skal þess gætt að fela eigi börnum eða ungmennum starf með hættulegum tækjum, svo sem hvers konar ökutækjum eða öðrum tækjum, sem sérstök slyshætta getur stafað af, nema að þau hafi hlotið kennslu og hæfnispróf.

Að því er varðar vinnu með ökutækjum við landbúnaðarstörf, vegavinnu og önnur störf, þar sem aðstæður kunna að valda því, að slík vinna sé eðlileg eða óhjákvæmileg, skal þess gætt, að hún fari eingöngu fram á sléttlendi eða þar sem eigi er hætt á veltu ofan í gryfjur, skurði eða aðrar slíkar misfellur í landi.

Ef nauðsynlegt þykir eða óhjákvæmilegt að fela börnum eða ungmennum starf í frystihúsum, skipum eða annars staðar, þar sem vélar eða önnur hættuleg tæki eru staðsett og notuð, skal það því aðeins heimilt, að barnið sé yfir 14 ára og að foreldri, aðrir forráðamenn eða sérstakir trúnaðarmenn viðkomandi barnaverndarnefndar hafi tryggt eftirlit með högum barnsins við vinnuna. Í slíkum tilvikum séu börn eða ungmenni frekar höfð við úti- en innistörf og eingöngu á stöðum, þar sem auðvelt er að fylgjast nákvæmlega með þeim.

Bannað er að börn innan 16 ára vinni að jafnaði lengur en 6 klukkutíma í einu eða næturvinnu.

V. KAFLI

Um gæzlu siðferðis barna og ungmenna.

41. gr.

Jafnan skal þess gætt við uppeldi barna, hvort heldur er á heimilum foreldra, fósturforeldra eða hvers konar dvalarheimilum, svo og í barnaskólum, að kenna þeim háttvísi og góða siði í umgengni við aðra, eldri og yngri. Þá skal og forðast að hafa í frammi í nálægð þeirra hvers konar framferði í orði eða verki, er spillt geti hugsunarhætti þeirra eða viðhorfi til lífsins.

42. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengis- og tóbaksneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnanefnd í umdæmi sínu, og skal meðal annars stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim tóbak eða áfengi, sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

43. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim, sem veita slíkum skemmtunum forstöðu skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. einnig um kvikmyndasýningar 28. gr. 5. mgr. l. nr. 53/1966. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum þeim, sem honum eru settar samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

44. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og öðru slíku þéttbýli með 400 íbúa og fleiri, mega börn yngri en 12 ára ekki vera á almannafæri eftir kl. 20, og eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er hönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmennum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið, að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfa sinna um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæðum þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er að stúlkur innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

VI. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

45. gr.

Ráðherra skipar 5 manna barnaverndarráð til 4ra ára í senn. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn.

Barnaverndarráð skal hafa aðsetur í Reykjavík. Það skal hafa fasta skrifstofu. Barnaverndarráð skiptir sjálfst með sér verkum, að öðru leyti en því, að ráðherra tilnefndir formann og varaformann.

Barnaverndarráð heldur fundi, þegar málefni berast til afgreiðslu og annars þegar þörf krefur að dómi þess.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og þrír þeirra fylgjast að máli.

Til ráðstafana þeirra, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. l. nr. 53/1966, þarf þó samþykki fjögurra barnaverndarráðsmanna.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundargerðabók.

Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína, sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk eftir þörfum.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og greiðast þau úr ríkissjóði, ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu uppeldisstofnun, samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfs allra barnaverndarnefnda á landinu og fara með úrskurðarvald barnaverndarráðs, samkvæmt 56. gr. laga nr. 53/1966. Skal það veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða o. s. frv.

Barnaverndarráð skal leita álits sérfræðinga utan ráðsins, þegar ástæða þykir til.

47. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

48. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í undæmi barnaverndarnefndar til meðferðar og lagt fyrir hana að framkvæma sérstakar ráðstafanir í því, hvort sem hún hefur áður fjallað um eða ekki. Fer um tilhögun rannsóknar í þessu efni eftir því, sem við á á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

Skýlt er barnaverndarnefnd að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyrir undir önnur stjórnarvöld.

Ef beita verður valdi við framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs, samkvæmt lögum þessum, heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs, skal þó ávallt vera viðstaddur allar slíkar framkvæmdir.

49. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim, ásamt skýrslu um störf sín, ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, 50—100 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

50. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnaheimila og allra uppeldisstofnana á landinu, þ. á m. sumardvalarheimila, og beint eftirlit með heimilum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum, hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum eða fleiri ráðsmönnum eða sérstökum fulltrúa að hafa eftirlit með heimilum eða stofnunum, svo oft sem þörf þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Skal forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif og heilsufar, mataræði, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framgangi eftirlits, varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 49. gr. 3. mgr. laga nr. 53/1966.

51. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barna svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. l. nr. 53/1966 eiga hér einnig við, og getur barnaverndarráð mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á, getur barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktana barnaverndanefnda skuli frestað unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Skal barnaverndarráð þá hraða störfum svo sem frekast er unnt.

Barnaverndarráð getur meidd að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til, eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir, en barnaverndarnefnd. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti, ef því er að skipta.

Nú verður barnaverndarráð þess áskynja, að barnaverndarnefnd hafi gert ráðstöfun andstætt lögum, og ber barnaverndarráði þá að láta mál til sín taka, þótt því hafi ekki verið skotið til ráðsins.

VII. KAFLI

Um skoðun kvikmynda.

52. gr.

Enga kvikmynd má sýna nokkurs staðar á landinu, börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Ráðherra tilnefnið, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, fæst 3 og 2 til vara sérstaklega þar til hæfa menn til fimm ára í senn til að annast skoðun kvikmynda.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skulu þeir hverju sinni ákveða, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára eða á tilteknum aldurs skeiðum innan þess aldurs.

Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd, sem bönnuð er börnum á þessum aldri, að það sé í fylgd með foreldrum eða öðrum fullorðnum, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Nú hefur kvikmynd, önnur opinber sýning eða skemmtun verið bönnuð börnum innan tiltekins aldurs samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar eða 1. málslíð 43. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, og bera þá dyraverðir og eftirlitsmenn samkomustaðar ásamt hlutaðeigandi forstöðumanni ábyrgð á framkvæmd bannsins. Enn fremur bera foreldrar eða aðrir forráðamenn ábyrgð á að börn sjái ekki slíkar myndir. Þegar slík sýning hefur verið bönnuð, eru dyraverðir og eftirlitsmenn viðkomandi skemmtistaðar skyldir að láta þau börn, sem eftir útliti og vexti gætu verið yngri en tilskilið er, sanna aldur sinn með framvisun nafnskirteinis, þá er þau æskja aðgangs að sýningunni. Nafnskirteini er því aðeins fullnægjandi sönnunargagn um aldur í þessu sambandi, að í því sé mynd skirteinis-hafa með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík, og skulu þeir, er skoðunar beiðast, tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanns skal fylgja hverri mynd, og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til og ræður þá meiri hluti, hvort banna á myndina eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með, að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Ef forráðamaður kvikmyndahúss eða aðrir, er ábyrgð bera á börnum á framan- greindum aldri brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, er að þessu lúta, varðar það allt að 15 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

53. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið sem opinber lögreglumál og varða þau refsingu samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, eftir því, sem við á, svo og sviptingu rekstrarleyfis.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneyltinu, 9. júní 1970.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.